



BRAG1SA01

Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2025

Skólabragur

Kennarar:

1 Magnús Tryggvason (MT)	9 Guðfinna Gunnarsdóttir (GG)
2 Sverrir G. Ingibjartsson (SGI)	10 Sigprúður Harðardóttir (SSH)
3 Jón Sigursteinn Gunnarsson (JSG)	X1 Halldóra Björk Guðmundsdóttir (HBG)
4 Kristjana Hallgrímsdóttir (KH)	X2 Eva Dögg Jafetsdóttir (EDJ)
5 Katrín Rut Sigurgeirsdóttir (KSG)	X3 Sigríður Gunnarsdóttir (SIG)
6 Birgir Aðalbjarnarson (BA)	X4 Sigríður Rós Sigurðardóttir (SRS)
7 Sölvi Snær Jökulsson (SSJ)	X5 Sóley Jónsdóttir (SÓJ)
8 Ægir Sigurðsson (ÆS)	

Áfangalýsing

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur aðlagist vel nýju skólastigi og skólaumhverfi. Áfanginn hefur það að markmiði að efla samkennd nemenda og kenna þeim á innra kerfi skólans s.s. námskerfi og þjónustu og þau úrræði sem í boði eru sem og axla ábyrgð á eigin námi. Að auki eru nemendur aðstoðaðir við að setja saman eigin námsferil með það að leiðarljósi að öðlast sjálfstæði í þeim efnum. Þá er félagslíf skólans kynnt í góðu samstarfi við nemendafélag skólans, NFSU. Braginn á að endurspegla skólaandann og vera hvatning fyrir nemendur að þekkja skólann sinn vel og umgangast hann og starfsfólk hans í samræmi við það sem og taka ábyrgð á eigin námi.

Markmið áfangans

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- námskröfum skólans
- helstu reglum sem í skólanum gilda
- uppsetningu námsferils
- skólaumhverfinu og helstu starfsemi skólans
- ábyrgð á eigin námi

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- að setja sér markmið sem námsmaður og einstaklingur
- að setja saman námsferil
- að skipuleggja sig
- samskiptum
- leita upplýsinga á heimasíðu og námsvef skólans

Hæfniviðmið

Nemandi skal í lok áfanga geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vera sjálfstæður í innra kerfi skólans

- skipuleggja námsferil sinn og ígrunda í samræmi við áhuga og markmið
- öðlast sjálfstraust í nýju skólaumhverfi
- vera meðvitaður um ábyrgð sína og skyldur sem fylgja auknu sjálfstæði
- öðlast sjálfstraust í samskiptum við ólíkar aðstæður.

Námsefni: Efni frá kennara.

Sérreglur áfangans: Um símatsáfanga er að ræða þar sem mæting, verkefnavinna, virkni og sjálfstæð vinnubrögð hvers kennsluþáttar telur sem hlutfall inn í lokaeinkun.

Námsmat:

35% Mæting - 47% Verkefni - 18% Virkni og sjálfstæð vinnubrögð

Vinnuáætlun – BRAGI A - haustönn 2025

Dags.	Viðfangsefni
19. ágúst	Nýnemadagur.
21. ágúst	• Inna skoðuð. Stundatafla, tilkynningar, heimanám, skilahólf o.fl. PintToMindGo. ○ Verkefni 1: Inna.
28. ágúst	○ Verkefni 2, andlitsmyndir, á að vera komið inn hjá nemendum • Heimasíðuskoðun: Fara yfir uppbyggingu síðunnar. • Mætinga- og skólareglur. • Námsmat og námsmatsreglur. ○ Verkefni 3: Heimasíðan og reglurnar
4. sept	• Ýmis þjónusta og ráðgjöf við skólann kynnt. • Nýnemaferð kynnt. Hver Bragahópur velur tvo nemendur sem munu leiða sína hópa áfram á milli þrauta á nýnemadaginn. Nemendur velja nafn á lið sitt fyrir ferðina. ○ Verkefni 4: Þjónusta og ráðgjöf
9. sept. 11. sept.	Nýnemaferð á þriðjudegi 9. september Kennslustund 11. september: • Samtökin Píeta koma í heimsókn. Allir hópar hittast á sal.
18. sept.	• Grunnundirbúningur fyrir valið. • Þrep, kjarni og kjarnaval. • Námsferilsskrá á INNU skoðuð sem og brautaruppbyggingar á heimasíðu. ○ Verkefni 5: Námið mitt
25. sept.	• Undirbúningur fyrir valið, fyrri tími. • Kennari sýnir hvernig á að velja inn á INNU. • Hver nemandi fyllir út námsferilsskrá bæði 1. og 2. önn. ○ Verkefni 6: Námsferilsskrá.
1. okt. 2. okt.	Áfangamessa á miðvikudegi 1. október ○ Verkefni 7: Áfangamessa. Kennslustund 2. október: • Undirbúningur fyrir valið, seinni tími. • Áframhaldandi vinna frá síðasta tíma. ○ Verkefni 6: Námsferilsskrá.

9. okt. Valdagur 8. okt.	- Taktbreyting í Braga. - Fyrirkomulag viðtalstímabilsins, sem hefst í næstu viku, kynnt. Örstuttur tími fyrir flest. - Lokaaðstoð við val næstu annar ef einhver eru enn eftir.
16. okt.	Nemendaviðtöl - aðeins boðaðir nemendur mæta.
23. okt.	Haustfrí á fim. og fös. - enginn Bragatími
30. okt.	Nemendaviðtöl - aðeins boðaðir nemendur mæta.
6. nóv.	Nemendaviðtöl - aðeins boðaðir nemendur mæta.
13. nóv.	Nemendaviðtöl - aðeins boðaðir nemendur mæta.
20. nóv.	Nemendaviðtöl - aðeins boðaðir nemendur mæta.
27. nóv.	- Allir nemendur mæta. Lokametrar annarinnar og síðasti Bragatími annarinnar. - Verkefni 8: Lokametrar.
4. des.	- Nemendur í Braga-fríi. - Kennarar funda.

Með von um góða samvinnu.

Gert með fyrirvara um breytingar.

14. ágúst 2025

Kennarar